



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 57/2016

**Sölubann og bann við afhendingu á mjúkdýrunum  
bleik Hello Kitty og hvít Hello Kitty**

**I.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Neytendastofu barst ábending um að leikföng sem uppfylltu ekki kröfur laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu, væru til sölu í versluninni *Extrakaup*, að Grensásvegi 8, 108 Reykjavík. Á grundvelli ábendingarinnar kom fulltrúi frá Neytendastofu, þann 30. ágúst 2016 í verslunina *Extrakaup* og kannaði merkingar á leikföngum. Við meðferð málsins kannaði Neytendastofa meðal annars fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra og upplýsingar frá ja.is og samkvæmt fengnum upplýsingum verður ekki annað séð en að verslunin *Extrakaup* starfi á vegum fyrirtækisins Grísinn ehf.

Við ofangreinda skoðun fékk fulltrúi stofnunarinnar meðal annars afhent eitt eintak af bleikri Hello Kitty og eitt eintak af hvítri Hello Kitty til nánari skoðunar. Nánari skoðun af hálfu Neytendastofu leiddi í ljós að ekki er hægt að sjá á vörunum að þær séu framleiddar í samræmi við staðalinn ÍST EN 71, en skylt er að það komi skýrt fram á vörunni eða umbúðum hennar. Þá vantaði og einnig aðrar lögbundnar upplýsingar, s.s. um nafn framleiðanda og heimilisfang, þar sem að engar merkingar voru á vörunni.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 2. september 2016, sem boðsent var í verslunina *Extrakaup*, var lagt tímabundið sölubann á ofangreindar vörur. Auk þess var óskað eftir því að verslunin myndi veita stofnuninni öll nauðsynleg tæknigögn fyrir ofangreind mjúkdýr sem sýnt gætu fram á öryggi varanna, s.s. öryggismat, EB gerðarprófunarvottorð, samræmisyfirlýsingu og prófunarskýrslu.

Engin gögn eða andsvör hafa borist frá versluninni *Extrakaup*.



## II. Niðurstaða

### 1.

Mál þetta varðar skoðun og sýnatöku Neytendastofu, þann 30. ágúst 2016, í versluninni *Extrakaup*, að Grensásvegi 8, 108 Reykjavík, á merkingum leikfanga í versluninni, á grundvelli ábendingar sem stofnuninni barst. Skoðun leiddi í ljós að ekki var hægt að sjá á vörunum að þær hafi verið framleiddar í samræmi við staðalinn ÍST EN 71, en það á að koma fram á vörunni. Einnig vantaði aðrar lögákveðnar upplýsingar, s.s. um nafn framleiðanda og heimilisfang, þar sem engar merkingar voru á vörunni. Þrátt fyrir beiðni Neytendastofu hefur *Extrakaup* ekki lagt fram nein gögn s.s. EB samræmisyfirlýsingu eða aðrar upplýsingar sem sýna fram á samræmi varanna við kröfur sem gerðar eru til markaðssetningar og sölu á leikföngum.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja öruggar vörur. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

*„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“*

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 134/1995 er um það fjallað hvað telst vera örugg vara og til hvers skuli litið við mat á því hvort vara teljist örugg. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við edlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:*

*1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*

*2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*

*3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnadarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*

*4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.*

*Vara skal ekki sjálfkrafa teljast hættuleg við það eitt að til er á markaði önnur vara sem er talin fullkomnari með tilliti til öryggis eða unnt er að auka öryggi hennar. Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga við um þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti eftir því sem við getur átt.“*



Framleiðsla og dreifing vöru, svo og þjónusta sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti, skulu ávallt vera í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og annarra stjórnvaldsfyrirmæla sem gilda hverju sinni um öryggi vörunnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995. Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar tilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

*„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“*

## 2.

Um hönnun, framleiðslu og gerð leikfanga gildir staðallinn ÍST EN 71. Í staðlinum ÍST EN 71-1, lið 1, „Öryggi leikfanga – Hluti 1: Krafrænir og efnislegir eiginleikar“ kemur fram að mjúkdýr, einföld að lögun, sem ætlast er til að haldið sé á og þau föðmuð eru skilgreind sem leikföng fyrir börn yngri en 36 mánaða og eiga þau því að vera með viðeigandi merkingar samkvæmt því. Framleiðendum leikfanga ber skylda til þess að hanna og framleiða leikföng sem sett eru á markað í samræmi við þær kröfur sem getið er um í lögum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og viðeigandi stöðlum. Framleiðendum ber og skylda til þess að útbúa tæknileg skjöl og sanna að varan sé í samræmi við þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til viðkomandi vöru. Þegar sýnt hefur verið fram á að leikfang sem framleitt er í samræmi við gildandi kröfur skal framleiðandi útbúa EB-samræmisyfirlýsingu og tryggja að leikfang sé ávallt CE merkt eins og gildandi reglur segja nánar fyrir um. Framleiðandinn ber ábyrgð á því að öll tæknileg skjöl og EB-samræmisyfirlýsing um samræmi séu til reiðu fyrir eftirlitsstjórnvöld í 10 ár frá því að leikfangið var sett á markað.

Áður en að leikföng eru sett á markað skal framleiðandi, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 944/2014, m.a.:

1. tryggja að leikfangið hafi verið hannað og framleitt í samræmi við grunnkröfur um öryggi,
2. [...]
3. útbúa tæknigögn í samræmi við 19. gr. og framkvæma eða láta framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð skv. 17. gr. Ef sýnt er fram á að leikfang uppfylli viðeigandi kröfur með þessum aðferðum skal framleiðandi útbúa EB-samræmisyfirlýsingu, sbr. 13. gr. og festa CE-merkið á í samræmi við 15. gr.,
4. varðveita tæknigögn og EB-samræmisyfirlýsinguna í tíu ár eftir að leikfang hefur verið sett á markað,
5. [...]
6. tryggja að leikfang hans beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað tákni sem gerir kleift að bera kennsl á það eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu veittar á umbúðum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,
7. tilgreina á leikfanginu nafn sitt, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem má hafa samband við hann eða, ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali



*sem fylgir leikfanginu. Óheimilt er að tilgreina fleiri en einn stað sem heimilisfang þar sem hægt er að hafa samband við framleiðanda,*

8. *tryggja að leikfanginu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á íslensku,*
9. *tryggja að leikfang beri viðvörunarmerkingar skv. 10. gr.*

Innflytjendur og/eða dreifingaraðilar skulu, áður en leikfang er boðið fram á markaði, ganga úr skugga um að framleiðandi hafi unnið og lagt fram öll þau skjöl sem áskilin eru í lögum og reglum settum samkvæmt þeim. Þá þarf að ganga úr skugga um það að leikfangið hafi CE-merki og að því fylgi leiðbeiningar og viðvaranir sem gerðar eru kröfur um.

Sé seljandi ekki framleiðandi viðkomandi leikfangs hefur hann einnig ákveðnum skyldum að gegna sem innflytjandi og/eða dreifingaraðili leikfangsins. Innflytjendur skulu því aðeins setja á markað leikföng sem uppfylla viðeigandi kröfur um öryggi. Áður en leikfang er sett á markað skal innflytjandi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 944/2014, m.a.:

1. *tryggja að framleiðandi hafi framkvæmt eða látið framkvæma samræmismat með viðeigandi samræmismatsaðferð, sbr. 17. gr.,*
2. *tryggja að framleiðandi hafi útbúið tæknigögn, sbr. 19. gr.,*
3. *tryggja að leikfang beri samræmismerki og því fylgi þau skjöl sem krafist er,*
4. *tryggja að leikfangið beri gerðar-, framleiðslu-, rað- eða tegundarnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl á þau eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eiginleika leikfangs, að umbeðnar upplýsingar séu á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu,*
5. *tryggja að leikfangið beri nafn framleiðanda, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, eða ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir leikfanginu.*

Framleiðendur skulu með viðvörunum og notkunarleiðbeiningum geta um allar nauðsynlegar takmarkanir varðandi notkun þannig að unnt sé að nota leikfangið á öruggan hátt, sbr. 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Viðvörunarmerking skal vera sýnileg, auðlæsileg, skiljanleg og nákvæm og á undan henni skal standa „Viðvörun“ eða „Varúð“. Viðvörunarmerkingarnar skulu vera á leikfanginu, á áfestum merkimiða eða á umbúðum leikfangsins, þar sem við á, á notkunarleiðbeiningum sem fylgja leikfanginu, sbr. 1. málsl. 5. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Allar viðvaranir sem skipta máli fyrir neytendur við kaup á leikfangi skulu festar á umbúðir vörunnar eða á leikfangið sjálft þannig að neytendi geti á auðveldan hátt lesið og kynnt sér þær áður en hann tekur ákvörðun um kaup á vörunni. Viðvörunarmerkingar skulu vera á íslensku, sbr. 7. mgr. nefndrar 10. gr. reglugerðar nr. 944/2014.

Innflytjandi skal tilgreina nafn sitt, skráð firmaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, á leikfanginu eða, ef það er ekki hægt, á umbúðum eða í skjali sem fylgir leikfanginu auk þess sem að hann skal tryggja að leikfanginu fylgi leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á íslensku, sbr. 3. og 4. mgr. reglugerðar nr. 944/2014. Þá skal innflytjandi varðveita afrit af EB-samræmisýfirlýsingu í tíu ár eftir að leikfang hefur verið sett



á markað og hafa það tiltækt Neytendatofu og tryggja að Neytendastofa geti haft aðgang að tækniskjölum sé þess óskað, sbr. 8. mgr. nefndrar greinar. Þá skal innflytjandi á grundvelli rökstuddrar beiðni frá Neytendastofu, afhenda stofnuninni allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi leikfangsins. Upplýsingarnar og skjölin skulu vera á íslensku eða, með heimild Neytendastofu, á öðru tungumáli Evrópska efnahagssvæðisins. Innflytjandi skal hafa samvinnu við Neytendastofu, að beiðni hennar, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af leikföngum sem hann hefur sett á markað, sbr. 9. mgr. nefndrar greinar. Það sama á við um dreifingaraðila vöru.

Sé dreifingaraðili ekki innflytjandi vörunnar skal hann áður en að leikfang er borið á markað tryggja, sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 944/2014:

1. að gætt sé allra gildandi krafna,
2. að leikfangið beri samræmismerki,
3. að leikfanginu fylgi öll gögn sem krafist er og einnig leiðbeiningar og upplýsingar um öryggismál á íslensku,
4. að framleiðandi og innflytjandi hafi uppfyllt kröfur sem gerðar eru til þeirra í 3. og 5. gr.

Rík ábyrgð hvílir því á dreifingaraðilum að gæta vel að öllum kröfum þegar þeir stunda viðskipti með leikföng. Endanleg ábyrgð á öryggi vöru og tjóni sem neytendur kunna að verða fyrir er ávallt hjá framleiðendum eða eftir atvikum hjá dreifingaraðilum í samræmi við ákvæði laga nr. 25/1995, um skaðsemisábyrgð, með síðari breytingum. Dreifingaraðili skal því áður en að leikfang er markaðssett ganga úr skugga um að framleiðandi hafi unnið og lagt fram öll þau skjöl sem áskilin eru í lögum og reglum settum samkvæmt þeim. Dreifingaraðili gengur m.a. úr skugga um að leikfangið hafi CE-merki, leiðbeiningar og viðvaranir í samræmi við kröfur laga og reglna settra samkvæmt þeim. Dreifingaraðila ber einnig skylda til þess að ganga úr skugga um það hvort að framleiðandi hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til framleiðslunnar.

Áður en að leikfang er sett á markað skal framleiðandi greina hættu sem getur stafað af leikfanginu með tilliti til iðefna, efnislegra og krafrænna eiginleika, rafmagns, eldfimi, hollustuhátta og geislavirkni ásamt hugsanlegum váhrifum sem börnum kann að stafa af slíkri hættu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Þá skulu leikföng ekki vera sett á markað fyrr en framleiðandi hefur sýnt fram á samræmi þess við grunnkröfur um öryggi með þeim samræmismatsaðferðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 17. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Áður en að leikfang fer á markað þarf einnig að framkvæma EB-gerðarprófun og gefa út EB-gerðarprófunarvottorð að því loknu, sbr. ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB. Í EB-gerðarprófunarvottorðinu á að koma fram tilvísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB, um öryggi leikfanga, litmynd, greinargóð lýsing á leikfanginu ásamt stærðarmáli og listi yfir gerðarprófanir, ásamt tilvísun í viðeigandi prófunarskýrslu, sbr. 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 944/2014. Þá þurfa einnig öll tæknigögn að vera fyrir hendi. Með tæknigögnum er hér átt við öll viðeigandi gögn eða upplýsingar um aðferðir sem



framleiðandinn notaði til að tryggja að leikfangið eða leikföngin sem að hann setur á markað séu í samræmi við grunnkröfur um öryggi, sbr. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 944/2014, þó að lágmarki þau gögn og upplýsingar sem fram koma í IV. viðauka nefndrar reglugerðar. Framleiðendum og dreifingaraðilum ber að hafa slík gögn til reiðu, sbr. nánar ákvæði í reglugerð nr. 957/2006, um aðferðareiningar fyrir ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismarkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu. Leikföng sem boðin eru fram á markaði hér á landi skulu vera CE-merkt. Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. CE-merkið er því staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum (sjá nánar um gerð og notkun merkisins í ákvörðun Evrópuráðsins 93/465/EBE).

### 3.

Samkvæmt skoðun sem Neytendastofa gerði er ljóst að engar merkingar voru á mjúkdýrunum bleik Hello Kitty og hvít Hello Kitty. Þá hafa engin gögn borist stofnuninni sem sýnt geta fram á öryggi þeirra.

Í ljósi þess að ekki hefur verið sýnt fram á að nefndar vörur uppfylli ofangreind skilyrði varðandi framleiðslu og markaðssetningu leikfanga telur Neytendastofa að ofangreind mjúkdýr séu ekki örugg vara í skilningi laga nr. 134/1995 og reglugerðar nr. 944/2014. Með vísan til 1. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, sbr. og 21. gr. sömu laga, og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, bannar Neytendastofa hér með alla sölu og afhendingu mjúkdýranna, sjá mynd í fylgiskjali.

Neytendastofa leggur jafnframt þá skyldu á hendur *Extrakaupum* að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, sbr. 22. gr. laga nr. 134/1995, og leggi fram gögn sem sýna fram á örugga eyðingu þeirra mjúkdýra sem um ræðir í máli þessu og eru enn á vörulager fyrirtækisins.

Sölubann þetta tekur gildi frá afhendingu ákvörðunarinnar.

Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðar það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



#### IV.

##### Ákvörðunarorð:

„Extrakaup – verslun og smásala, Grensásvegi 8, 108 Reykjavík, rekstraraðili Grísinn ehf., er með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og 27. gr. reglugerðar nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á evrópska efnahagssvæðinu, bannað að selja eða afhenda mjúkdýrin bleik Hello Kitty og hvít Hello Kitty (sjá mynd í fylgiskjali).

Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, skal Extrakaup eyða öllum eintökum vörunnar sem enn eru á vörulager fyrirtækisins.

Sölubann þetta gildir frá afhendingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 17. október 2016

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Helga Sigmundsdóttir  
Lögfræðingur

Fylgiskjal 1

